

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 13. febrúar 2014
Tilvísun: UST20131100180/gsá

Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið.


Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 16. desember 2013 þar sem áformað var að veita **urðunarstað Bolungarvíkur að Hóli**, áminningu vegna tveggja frávíka sem fram komu í reglubundnu eftirliti þann 29. ágúst sl., hvað varðar að timbur sem óhæft er í lífræna endurvinnslu er meðhöndlað á urðunarsvæðinu, og að neyðaráætlun rekstraraðila hefur ekki borist stofnuninni.


Þann 3. febrúar sl. barst Umhverfisstofnun tölvupóstur frá rekstraraðila þar sem fram kom að meðhöndlun á lituðu/fúavörðu timbri sé til frekari skoðunar hjá urðunarstaðnum og á meðan verður engu timbri komið fyrir á urðunarstaðnum. Mun rekstraraðili senda Umhverfisstofnun tilkynningu um breytingu á rekstri urðunarstaðarins á meðferð timburs á svæðinu. Neyðaráætlun var einnig send stofnuninni í sama pósti og hefur hún verið samþykkt.

Lítur Umhverfisstofnun á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna fráviksins.

Hér með staðfestist að urðunarstaður Bolungarvíkur að Hóli hefur bætt úr þeim frávikum sem komu fram við reglubundið eftirlit ársins 2013 og neyðaráætlun hefur verið samþykkt.

Virðingarfyllst


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur